

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 84/1990. **Hallgrímur Á. Hallgrímsson**

(Jón Kr. Sólmes hrl.)

gegn

Magnúsi Þór Hallgrímssyni og

Sigrúnu Hjartardóttur

(Ólafur Garðarsson hrl.).

Faðerni. Kröfugerð. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1990. Útivist varð af hans hálfu í Hæstarétti 2. mars 1990, og áfrýjaði hann málinu að nýju með stefnu 5. sama mánaðar. Áfrýjandi krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið, að allar kröfur sínar í héraði verði teknar til greina og stefndu dæmd til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, höfðaði áfrýjandi mál þetta til þess, „að fram fari öflun nauðsynlegra sönnunargagna, þ. m. t. blóðrannsókn á stefndu og stefnanda til þess að leggja fram í einkamáli, sem stefnandi ætlar að höfða, til að ógilduð verði með dómi viðurkenning hans á faðerni stefnda Magnúsar Þórs og til ógildingar meðlagsúrskurðar, sem upp var kveðinn á hendur honum þann 19.07.1971“.

Áfrýjandi byggir kröfu sína á barnalögum nr. 9/1981, undirstöðurökum 10. gr. laganna, svo og 55. gr. þeirra. Héraðsdómari hafnaði kröfu áfrýjanda og taldi ekki vera lagagrundvöll fyrir þessari kröfu, þar sem í 2. mgr. 58. gr. barnalaga væri kveðið á um það, að ákvæði II., III. og IX. kafla laganna tækju einungis til þeirra barna, sem fædd væru eftir gildistöku þeirra, sem var 1. janúar 1982, en stefndi Magnús Þór er fæddur 3. apríl 1971. Þótt XVIII. kafli laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði væri felldur úr gildi með barnalögum nr. 9/1981, gildi hann engu að síður

um þau börn, sem fædd voru fyrir gildistöku barnalaga, sbr. 1. mgr. i. f. 58. gr. laganna.

Mál þetta er ákaflega vanreifað og kröfugerð óljós. Um það bil 14 ár liðu frá fæðingu barnsins, þar til áfrýjandi hófst handa um að fá faðerni þess breytt. Til grundvallar því lá grunur hans um, að tiltekinn maður væri faðir barnsins. Var þeim manni stefnt í héraði, en áfrýjandi féll frá kröfum á hendur honum „að svo stöddu“. Eins og fram kemur í kröfugerð áfrýjanda, höfðar hann mál þetta sem undirbúning undir annað mál og fer fram á „öflun nauðsynlegra sönnunargagna, þ. m. t. blóðrannsókn á stefndu...“ Rétt hefði verið að höfða mál til ógildingar faðernisviðurkenningunni og gera skýrar kröfur í því máli um þær rannsóknir, sem gera skyldi. Eins og kröfugerð í máli þessu er háttað, er hún ekki dóm-tæk, og verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu óskipt 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Hallgrímur Á. Hallgrímsson, greiði stefndu, Magnúsi Þór Hallgrímssyni og Sigrúnu Hjartardóttur, óskipt 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Ólafsfjarðar 1. desember 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var mánudaginn 13. nóvember sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af Hallgrími Á. Hallgrímssyni, kt. 180253-4249, Eikarlundi 29, Akureyri, með stefnu, út gefinni 31. maí 1989, á hendur Magnúsi Þór Hallgrímssyni, kt. 030471-4079, Bylgjubyggð 7, Ólafsfirði, Sigrúnu Hjartardóttur, kt. 050654-4519, s. st., og Friðriki Gylfa Traustasyni, kt. 010349-2739, Gásum, Glæsibæjarhreppi, Eyjafirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að fram fari öflun nauðsynlegra sönnunargagna, þ. m. t. blóðrannsókn á stefndu og stefnanda, til þess að leggja fram í einkamáli, sem stefnandi ætlar að höfða, til að ógilt verði með dómi viðurkenning hans á faðerni stefnda Magnúsar Þórs og til

ógildingar meðlagsúrskurðar, sem upp var kveðinn á hendur honum 19.7. 1971 af bæjarfógetanum á Akureyri á grundvelli ofangreindrar faðernisviðurkenningar, sem gerð var, án þess að fram færi blóðrannsókn.

Stefndi Friðrik Gylfi Traustason krafðist frávísunar vegna aðildarskorts í málinu, og í þinghaldi 13. nóvember sl. lýsti lögmaður stefnanda yfir því, að hann félli frá kröfum á hendur honum að svo stöddu.

Stefndu Magnús Þór og Sigrún gerðu kröfu um, að þau yrðu sýknuð af kröfum stefnanda og að stefnanda yrði gert að greiða málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

— — —

D ó m s o r ð:

Kröfum stefnanda, Hallgríms Á. Hallgrímssonar, á hendur stefndu Magnúsi Þór Hallgrímssyni og Sigrúnu Hjartardóttur er hafnað.

Stefnanda, Hallgrími Á. Hallgrímssyni, ber að greiða stefndu Magnúsi Þór Hallgrímssyni og Sigrúnu Hjartardóttur óskipt í málskostnað 55.000 kr.
